

# Vélatrygging (vélbrotatrygging)

Skilmáli nr. E-19

Í skilmála þessum merkir hugtakið "félagið" Vörð tryggingar hf.

## 1. kafli. Bótasvið

### 1. gr. Gildisvið

#### a) Váryggt er:

- 1.1 Vátryggðar eru allar vélar og búnaður sem tilgreind eru í vátryggingarbeiðninni.
- 1.2 Vélar eru vátryggðar þegar þær eru tilbúnar til notkunar í atvinnurekstri; nýr útbúnaður er vátryggður þegar uppsetningu hans er endanlega lokið og hann hefur staðist prófun sem félagið samþykkir.
- 1.3 Vátrygging þessi gildir hvort sem hinir vátryggðu hlutir eru í notkun eða ekki, sundurteknir vegna hreinsunar eða viðgerðar, í tilflutningi á lóð verksmiðjunnar eða í endursamsetningu.
- 1.4 Vátryggingin gildir um hina vátryggðu hluti á meðan þeir eru á vátryggingarstaðnum sem tilgreindur er í vátryggingarbeiðninni.

#### b) Ekki er váryggt:

- 1.5 Hvers konar tæki sem ætlast er til að skipt sé um reglulega, svo sem borar, mulningstæki, steypumót, hnífar, sagarblöð, slípisteinar og stansar.
- 1.6 Færibönd, sigti og slöngur, gúmmí-, tau- og plastfóðringar og strimlar, burstar og hjólbarðar, reipi, keðjur og belti, hlutir úr gleri, postulíni eða leir.
- 1.7 Undirstöður, múrsteinsklæðning í eldholum, ofnum og ílátum, eldristar, brennarastútar.
- 1.8 Eldsneyti, síur, kælimiðlar, hreinsiefni, smurning, olía.
- 1.9 Hvatar, kemísk efni, blöndunarefni.

#### c) Eigin áhætta:

- 1.10 Eigin áhætta hins vátryggða, er ákveðin sérstaklega í hverjum vátryggingarsamningi. Verði margar vélar fyrir tjóni við sama tjónsatburðinn og beri þær mismunandi eigin áhættu, þá gildir hæsta eigin áhættan.

#### d) Hver er vátryggður?:

- 1.11 Vátryggður er eigandi þeirra tækja sem tiltekin eru á vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

### 2. gr. Bótaskyld tjónsatvik

- Félagið bætir skyndilegt og ófyrirsjáanlegt tjón eða skemmdir sem kalla á viðgerðir eða skipti á hlutum og stafa af:
- 2.1 Tilfallandi vinnsluóhöppum, svo sem að vél eða búnaður séu vanstillt, að hlífðarbúnaður bili eða reynist gallaður, að hlutir losni eða að aðskotahlutir komist í vélina.
  - 2.2 Því að hlutir bresta vegna miðflóttakrafts.
  - 2.3 Vatnsskortir í gufukötlum eða þrýstikerjum.
  - 2.4 Yfir- eða undirþrýstingur, nema atvik valdi sem eru undanskilin samkvæmt gr. 3.3.
  - 2.5 Skammhlaupi, of hárrí rafspennu eða of miklum rafstraumi, nema orsakir séu atvik sem undanþegin eru samkvæmt gr. 3.3.
  - 2.6 Veikleikum eða göllum í hönnun, efni eða smíði og rangri uppsetningu, sbr. þó gr. 3.8.
  - 2.7 Rangri notkun, kunnáttuleysi, vanrækslu eða ásetningu starfsmanna, með fyrirvara um gáleysis og/ eða ásetningsverknað, sem fram kemur gr.3.2 og 3.6.
  - 2.8 Stormi.
  - 2.9 Hvers konar óhöppum sem ekki eru undanþegin í 3. gr.

### 3. gr. Undanskilin tjónstilvik

Félagið bætir ekki tjón eða skemmdir sem stafa af:

- 3.1 ryðmyndun, tæringu, rýrnun eða sliti og hvers konar vélarhlutum af völdum eðlilegrar notkunar eða annarra samfelldra áhrifa frá efnum eða andrúmslofti, óæskilegri uppsöfnun ryðs, leðju, ketilsteins eða annarra útfellinga;
- 3.2 bilun vegna prófunar, vegna of mikils álags, af ásettu ráði, eða vegna tilrauna, sem fela í sér óeðlileg vinnslukilyrði fyrir vélina.
- 3.3 Eldsvoða, sprengingu, eldingu, hvort sem tjónið er beint eða óbeint slökkvistarfi, og því sem þessu fylgir: Niðurbroti, sundurtekt og hreinsun rústa;
- 3.4 eldgosum, jarðskjálftum, neðansjávarskjálftum, flóðbylgjum (af völdum neðansjávarskjálfta eða eldgosa), vatnagangi, flóðum, landsigi, skriðuföllum, grjóthruni, fellibyl, hvirfilbyl eða stormsveip;
- 3.5 þjófnaði eða innbroti;
- 3.6 ásetningu eða stórkostlegu gáleysi vátryggðs eða starfsmanna í ábyrgðarstöðu hjá honum, svo sem framkvæmdastjóra, verksmiðjustjóra, verkstjóra og vaktformanna, á því sviði sem þessi vátrygging tekur til;
- 3.7 hvers konar veikleika eða göllum sem voru fyrir hendi við gildistöku þessarar tryggingar og vátryggingartaka, hinum vátryggða, eða stjórnendum þeirra, var kunnugt um eða mátti vera kunnugt um;
- 3.8 orsökum sem framleiðandi eða seljandi hinna vátryggðu hluta ber ábyrgð á samkvæmt lögum eða gerðum samningi;
- 3.9 styrjöld, innrás, hernaðaraðgerðum, borgarróstum, uppreisnum, uppþoti, eða svipuðum aðgerðum, verkfalli, verkbanni, lögnámi, þjóðnýtingu eða fyrirmælum löglegra yfirvalda;
- 3.10 jónandi geislun, mengun af geislavirkum efnum, kjarnaeldsneyti, kjarnaúrgangsefni eða kjarnabruna, eða verða rakin til slíkra orsaka;
- 3.11 Félagið bætir hvorki óbein né afleidd tjón og greiðir ekki skaðabótakröfu frá þriðja aðila.

### 4. gr. Vátryggingarupphæð

- 4.1 Vátryggingarupphæð skal vera jafnhá kaupverði á nýrri vél eða búnaði, af sömu tegund og með sömu afkastagetu, ásamt öllum flutningskostnaði á tryggingarstað, uppsetningu, tollum og öðrum gjöldum.

- 4.2 Vátryggingarupphæðir, eins og eigin áhætta, breytast í samræmi við vísitölu neysluverðs.
- 5. gr. Grundvöllur bótagreiðslna**
- 5.1 Í tjónstilvikum þar sem viðgerð reynist framkvæmanleg, greiðir félagið bætur til að koma skemmdu vélinni í sama vinnsluástand og hún var í fyrir tjón. Ef slík viðgerð leiðir til aukningar á verðmæti vélarinnar, þá lækka tjónabæturnar sem verðmæt aukningunni nemur. Félagið greiðir einnig kostnað við sundurtekt og enduruppbyggingu vegna viðgerðar, svo og eðlilegt flutningsgjald, tolla og önnur gjöld, ef einhver eru. Fari viðgerð fram á verkstæði í eigu vátryggðs, greiðir félagið efniskostnað og laun vegna viðgerðarinnar, auk eðlilegs stjórnumarkostnaðar. Frá tjónabótum skal draga verðmæti endurnýtanlegra hluta.
- 5.2 Eyðileggist vátryggð vél, eða verði viðgerðarkostnaður jafnmikill eða meiri en raunverilegt verðmæti vélarinnar, verða bótagreiðslur þannig: Félagið greiðir raunvirði hlutarins, eins og það var þegar tjónið varð. Raunvirði er talið verð nýrrar vélar eða búnaðar (að viðbættum flutningskostnaði, uppsetningu og tollum) að frádregnum eðlilegum afskriftum. Félagið greiðir einnig eðlilegan kostnað við að fjarlægja þær vélar, sem skemmst hafa, en ávallt skal draga frá verðmæti þeirra hluta, sem unnt er að endurnýta.
- 5.3 Kostnaður við viðhald, breytingar, viðbætur eða endurbætur, sem framkvæmdar eru samtímis viðgerðinni, greiðist ekki.
- 5.4 Félagið greiðir kostnað af bráðabirgðaviðgerð ef slík viðgerð er hluti af endanlegri viðgerð og eykur ekki heildarviðgerðarkostnaðinn.
- 5.5 Félaginu er í sjálfsvald sett hvort það lætur gera við hinn skemmda hlut, afhendir vátryggingartaka heila, samskonar muni, með sama notagildi, eða bætir tjónið samkvæmt mati með peningagreiðslu.
- 5.6 Bótaskylda félagsins fyrir sérhverja vél eða tæki skal aldrei nema hærrí upphæð en tryggingarupphæðinni á hverju tryggingarári; þó geta bætur á einu ári orðið hærri, greiði vátryggingartaki hlutfallslegt viðbótariðgjald.
- 5.7 Sérstakur kostnaður, s.s. vegna yfirvinnu, hraðsendinga og flugfraktar, sem stofnað er til vegna tjónsatburðar, bætist ekki nema þess sé sérstaklega getið í vátryggingarsamningnum.
- 6. gr. Varúðarreglur**
- 6.1 **Vátryggðum ber að sjá um að umbúnaður á vátryggingarstað sé í fyllsta samræmi við reglur í gildandi lögum og reglugerðum á hverjum tíma, eftir því sem við á. Vátryggðum ber að fara eftir fyrirmælum eða athugasemdum frá opinberum eftirlitsstofnunum svo sem Brunamálastofnun og Löggildingarstofu.**
- 6.2 **Vátryggður skal gera allt sem eðlilegt getur talist til að halda hinum vátryggðu hlutum í góðu lagi, og sjá svo um að þeir verði ekki af ásettu ráði, eða af vana keyrði með yfirálagi. Vátryggður skal í einu og öllu fylgja leiðbeiningum framleiðanda hinna vátryggðu véla eða búnaðar varðandi notkun þeirra eftirlit með þeim og viðhald, svo og lögum og reglugerðum ríkis og sveitarfélaga og öðrum bindandi reglum sem í gildi eru varðandi notkun þeirra og viðhald**

## 2. kafli. Almenn skilyrði

### 1. gr. Gildistaka – greiðsla iðgjalds - uppsagnarréttur

- 1.1 Vátrygging þessi tekur gildi þegar að félagið eða umboðsmaður þess hefur samþykkt vátryggingarbeiðni. Iðgjald ber að greiða þegar vátryggingin tekur gildi og síðari iðgjöld á tilgreindum gjalddögum. Félagið sendir vátryggingartaka tilkynningu um greiðslu iðgjaldsins. Í tilkynningunni skal greiðslufrestur tilgreindur sérstaklega sem skal vera einn mánuður hið skemmsta frá þeim degi sem tilkynningin er send. Sé iðgjald ekki greitt innan greiðslufrests reiknast dráttarvextir á iðgjaldið.
- 1.2 Sé iðgjald ekki greitt þegar greiðslufresti lýkur skv. 1. mgr. er félaginu heimilt að senda sérstaka aðvörðun, þar sem greiðslu er krafist innan 14 daga, ella fellur vátryggingin og ábyrgð félagsins niður, sé iðgjald þá enn ógreitt. Vátryggingartaki skal engu að síður greiða iðgjald fyrir það tímabil sem vátrygging var í gildi.
- 1.3 Hafi vátryggingartaki ekki samið sérstaklega við félagið um greiðslu iðgjaldsins áður en frestur skv. 2. mgr. rennur út telst það ógreitt, ef það er ekki að fullu greitt þegar fresturinn er úti.
- 1.4 Krafa um greiðslu iðgjalds er send á heimilisfang vátryggingartaka sem tilgreint er í þjóðskrá nema hann hafi tilgreint annað heimilisfang sérstaklega. Breytingar á heimilisfangi skal þegar í stað tilkynna félaginu.
- 1.5 Vátryggingin gildir fyrir það tímabil sem tiltekið er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun. Að því loknu endurnýjast vátryggingin sjálfkrafa í eitt ár í senn, sé vátryggingunni ekki sagt upp skriflega af hálfu vátryggingartaka 30 dögum eftir að félagið sendi endurnýjunarkvittun. Vátryggingartaka er þó ekki skylt að tilkynna uppsögn fyrr en með 15 daga fyrirvara fyrir endurnýjun. Félagið áskilur sér rétt til iðgjaldabreytinga og/eða skilmálabreytinga við endurnýjun vátryggingarinnar.
- 1.6 Séu sérstakar ástæður fyrir hendi skv. 18. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga er félaginu heimilt að segja upp vátryggingarsamning með 60 daga fyrirvara fyrir endurnýjun. Félagið sendir þá frá sér tilkynningu þess efnis skv. ákvæðum sömu laga.

### 2. gr. Upplýsingaskylda vátryggingartaka

- 2.1 Við gerð eða endurnýjun vátryggingarsamnings ber vátryggingartaka, eða eftir atvikum vátryggðum, að veita félaginu þær upplýsingar um vátryggingaráhættuna sem félagið óskar. Sömuleiðis ber vátryggingartaka, og eftir atvikum vátryggðum, að greina félaginu frá sérstökum atvikum sem hann veit eða má vita að hafa þýðingu fyrir mat félagsins á áhættunni.
- 2.2 Skýri vátryggingartaki sviksamlega frá eða leyni atvikum, er skipta máli um áhættu félagsins, eða gefur að öðru leyti rangar upplýsingar til félagsins, getur það haft í för með sér að bótaábyrgð félagsins takmarkast eða fellur niður skv. 20. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.
- 2.3 Hafi félagið fengið frá vátryggingartaka rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um áhættuna getur það sagt upp vátryggingunni með 14 daga fyrirvara. Hafi vátryggingartaki viðhaft sviksamlega háttsemi getur félagið slitið vátryggingunni án fyrirvara sem og öllum öðrum vátryggingarsamningum sem vátryggingartaki hefur hjá félaginu.
- 2.4 Félaginu er heimilt að skoða hið vátryggða og umbúnað þess þegar félagið óskar.

### 3. gr. Varúðarreglur- áhættuaukning

- 3.1 Vátryggðum og þeim sem samsamast honum ber að fara eftir þeim varúðarreglum sem félagið setur í þessum skilmála eða á vátryggingarskírteini. Misbrestur á því getur leitt til skerðingar eða brottfalls bótaábyrgðar skv. 26. gr. laga nr. 30/2004.
- 3.2 Iðgjald þessarar vátryggingar fer eftir notkun vátryggðs hlutar eða starfsemi sem hann er notaður í og gefnar eru upplýsingar um við vátryggingartöku. Sé tiltekin ákveðin notkun/starfsemi á hinu vátryggða á vátryggingarskírteini og notkun/starfsemi ber vátryggðum og/eða þeim sem réttar njóta samkvæmt vátryggingu þessari að tilkynna félaginu það jafnskjótt og þeim er kunnugt um breytinguna. Misbrestur á því getur valdið takmörkun á ábyrgð félagsins skv. 25. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

### 4. gr. Ásetningur eða stórkostlegt gáleysi vátryggðs

- 4.1 Ef tjón verður rakið til ásetnings vátryggðs fellur bótaábyrgð félagsins niður.
- 4.2 Valdi vátryggður tjóni af stórkostlegu gáleysi getur það leitt til takmörkunar eða brottfalls bótaábyrgðar félagsins skv. 27. gr. laga nr. 30/2004.

### 5. gr. Skyldur vátryggðs við tjónsatburð

- 5.1 Þegar það atvik, sem vátryggt er gegn, hefur gerst, eða hættu er á því að það gerist, ber vátryggðum skylda til þess að reyna afstýra eða lágmarka tjónið. Hafi vátryggður af þessum sökum orðið fyrir útgjöldum mun félagið endurgreiða þau að því leyti sem þau teljast réttlætánleg. Vanræksla í þessu efni getur valdið lækkuun eða missi bóta skv. 28. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga. Sama gildir ef vátryggður fær vitneskju eða grun um að skaðabótakrafa, sem ætla má að vátryggingin ná til, verði gerð á hendur honum.
- 5.2 Vátryggður glatar rétti til bóta ef hann tilkynnir ekki félaginu um kröfu sína innan árs frá því að hann vissi um atvik sem bótakrafan er reist á. Ef félagið hafnar kröfu vátryggðs í heild eða hluta glatar hann rétti til bóta ef hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum innan árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu félagsins um að kröfu hans væri hafnað.
- 5.3 Vátryggður skal veita félaginu þær upplýsingar og þau gögn sem hann hefur undir höndum eða getur útvegað og félagið þarf til þess að meta ábyrgð sína og greiða bætur. Ef vátryggður veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar sem hann veit eða má vita að að leiða til þess að hann fær bætur, sem hann á ekki rétt á, fellur niður allur réttur hans samkvæmt vátryggingarsamningnum. Félaginu er ennfremur heimilt þegar svo stendur á að segja upp vátryggingarsamningnum sem og öllum öðrum vátryggingarsamningum sem vátryggður hefur hjá félaginu með viku fyrirvara.

### 6. gr. Uppsagnarréttur félagsins

- Félagið getur sagt upp þessum vátryggingarsamning vegna eftirfarandi aðstæðna, nema annað sé lögboðið:
- 6.1 Með 14 daga fyrirvara ef veittar eru rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um vátryggða áhættu, sbr. 21. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Hafi vátryggingartaki svíksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína getur félagið sagt upp vátryggingunni sem og öðrum vátryggingarsamningum sem vátryggingartaki hefur hjá félaginu án fyrirvara.
- 6.2 Með viku fyrirvara ef vátryggður veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar sem hann veit eða má vita að leiða til þess að hann fær greiddar bættur sem hann á ekki rétt til sbr. 47. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 60/2004. Félaginu er ennfremur heimilt að segja upp öllum öðrum vátryggingarsamningum sem vátryggður hefur hjá félaginu, með sama fyrirvara, þegar svo stendur á.
- 6.3 Með tveggja mánaða fyrirvara ef notkun vátryggðs hlutar, starfsemi vátryggðs, eða aðstæður að öðru leyti breytast á vátryggingartímabili á þann hátt að félagið hefði ekki samþykkt vátrygginguna ef slíkar upplýsingar hefðu legið fyrir við upphaf vátryggingartímabilsins.
- 6.3 Með tveggja mánaða fyrirvara, í kjölfar tjónsatviks og er félaginu jafnframt heimilt að segja upp öðrum vátryggingarsamningum sem vátryggingartaki hefur hjá félaginu með sama fyrirvara:
- 6.3.1 þegar tjónþungi vátryggingar er meiri en eðlilegt getur talist, t.d. 3 tjón eða fleiri á 12 mánuðum;
- 6.3.2 ef vátryggður hefur valdið tjóni af ásetningi;
- 6.3.3 ef vátryggður brýtur gegn varúðareglum;
- 6.3.4 ef alvarlegur trúnaðarbrestur hefur orðið milli vátryggðs og félagsins.

### 7. gr. Tvítrygging - undirtrygging - tjón á vátryggingartímabilinu

- 7.1 Séu hagsmunir þeir sem vátryggðir eru í þessari vátryggingu, jafnframt vátryggðir annarri vátryggingu hjá félaginu ræður vátryggður hvaða vátrygging greiðir tjónið. Sé í gildi vátryggingarsamningur hjá öðru vátryggingarfélagi greiðir þessi vátrygging hlutfallslegar bætur eftir ábyrgð hvers félags um sig. Þetta ákvæði á ekki við um slysatryggingu.
- 7.2 Komi í ljós á tjónsdegi að vátryggingarfjárhæð sé lægri en verðmæti nýrrar vélar (eins og lýst er í gr. 4.1., 1.kafli), greiðast bætur eftir hlutfallinu:  $Tjónabætur = \frac{Tryggingarupphæð}{Tjónsupph}$  Raunverulegt heildarverðmæti þess sem er vátryggt.
- 7.3 Hafi félagið greitt tjón úr vátryggingunni á vátryggingartímabilinu þá lækkar vátryggingarfjárhæðin um það sem bótunum nemur frá tjónsdegi til loka vátryggingartímabils, nema greitt sé hlutfallslegt aukaiðgjald það sem eftir lifir tímabils.

### 8. gr. Endurkröfuréttur félagsins

Eigi vátryggður fébótakröfu á hendur öðrum vegna bótaskylds tjóns, öðlast félagið þann rétt að svo miklu leyti sem það hefur greitt bætur vegna tjónsins.

### 9. gr. Almenn undanþága frá bótaskyldu

Vátryggingin bætir ekki tjón sem stafa af kjarnorku, jónandi geislun, geislavirkum efnum, styrjöldum, borgarastríði eða óeirðum. Þá bætir vátryggingin ekki tjón af völdum jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalla, snjóflóða eða annarra náttúruhamfara.

**10. gr. Vísitala- vextir af tjónskröfum**

- 10.1 Vátryggingarfjárhæðir og fjárhæðir sjálfsábyrgða í þessari vátryggingu fylgja þróun verðlags í landinu og breytast þessar fjárhæðir því samkvæmt vísitölu neysluverðs við hverja endurnýjun þessarar vátryggingar.
- 10.2 Vátryggður á rétt á almennum vöxtum af tjónskröfu sinni þegar liðnir eru tveir mánuðir frá því að tilkynning um vátryggingaratburð var sendur félaginu. Vextir eru þeir sömu og reiknast á almennar skaðabætur skv. lögum nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

**11. gr. Endurgreiðsla iðgjalds**

Nýti vátryggingartaki eða félagið sér heimildir sínar, skv. þessum skilmála eða lögum nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga, til þess að slíta vátryggingarsamningunum á vátryggingartímabilinu endurgreiðir félagið iðgjald vátryggingarinnar hlutfallslega.

**12. gr. Réttur þriðja manns- Samsömum**

- 12.1 Vátrygging þessi er ekki til hagsbóta fyrir veðhafa nema félaginu sé tilkynnt það sérstaklega og það skráð á vátryggingarskírteini. Meðvátryggður getur aldrei eignast meiri réttindi á hendur félaginu heldur en vátryggður.
- 12.2 Sé vátrygging þessi notuð í atvinnustarfsemi getur félagið borið fyrir sig háttsemi starfsmanna vátryggðs.

**13. gr. Lög um vátryggingarsamninga**

Að öðru leyti, en því sem kveðið er á um í þessum skilmála, gilda um vátryggingarsamning þennan lög um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

**14. gr. Heimili - Varnarþing - Ágreiningur**

Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík. Ágreiningi um bótaskyldu má skjóta til Úrskurðarnefndar í vátryggingamálum. Upplýsingar um nefnd þessa og starfsháttu má fá hjá félaginu. Dómsmál sem kunna að rísa vegna þessa vátryggingarsamnings skulu rekin gegn félaginu fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

**Skilmálar þessir gilda frá 01.01.2010**